

REGLUGERÐ

um (14.) breytingu á reglugerð nr. 630/2007, um ólífrænan áburð.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Svo hægt sé að tryggja nægilegt framboð á tilbúnum áburði fyrir árið 2023 skal, þrátt fyrir 3. gr. reglugerðar þessarar, vera heimilt til ársloka 2023 að flytja inn og nota héraðs ólífrænan áburð, sem inniheldur fosfór og inniheldur kadmíum að hámarki 150 mg Cd/kg P eða 66 mg Cd/kg P₂O₅. Leggja skal fram staðfestingu á kadmíuminnihaldi skv. ákvæðum 3. gr., önnur skilyrði reglugerðarinnar standa óbreytt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 12. ágúst 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilia Madeleine Heenen.

B-deild – Útgáfudagur: 31. ágúst 2022